# Samþætt sumarfrístundastarf barna í Húnaþingi vestra 2024

Þessi samantekt lýsir skipulagi og framkvæmd á samþættu sumarfrístundastarfi barna sumarið 2024 í Húnaþingi vestra sem fékk heitið Krakkasveiflan. Hún byggir á fundargerðum farsældarteymis og samstarfi við ýmsa aðila í sveitarfélaginu. Samantektin inniheldur upplýsingar um Krakkasveiflu árið 2024, stöðu samþætts sumarfrístundastarfs og kostnað. Seinni hluti samantektar er dagskrá sem gefin var út fyrir skráningu í dagskrá. Kostnaðartölur í þessari samantekt eiga við 5. – 7. bekk, þar sem áður hefur verið haldið úti sumarfrístund fyrir 1. – 4. bekk og kostnaður vegna þess er ekki talinn með.

Sigurður Þór Ágústsson

Sviðsstjóri fjölskylduviðs Húnaþings vestra



## Krakkasveiflan 2024

1. **Framkvæmd**

   Krakkasveiflan tókst vel árið 2024 og skráning var góð. Skráningar voru í samræmi við áætlanir og niðurstaða kostnaðarþátta einnig.

2. **Gjaldskrá**

   Rætt hefur verið um hvort gjaldskrá ætti að vera önnur fyrir börn sem ekki eiga lögheimili í Húnaþingi vestra eða lögheimili eigi að stýra forgangi. Um 10 börn tóku þátt sem ekki eiga lögheimili í Húnaþingi vestra. Áhugi er hjá farsældarteymi að halda sambærilegu skipulagi áfram ef fjárveiting fæst og festa í sessi.

3. **Staðan og framtíðin**

   Ákveða þarf hver eða hverjir sjá um skipulag og framkvæmd, hugmynd er um að það verði gert í tengslum við verðandi samfélagsmiðstöð.

# Skipulag og framkvæmd

**1 Undirbúningur**

Farsældarteymi vann að undirbúningi með fundum á tveggja vikna fresti og kallaði til sín fjölmarga aðila úr samfélaginu til samstarfs. Bæklingur og skráningarblað fyrir Krakkasveiflu voru kláruð og auglýsing send út í apríl 2024.

**2 Kostnaðargreining**

Kostnaðarþættir hafa verið greindir og eru í samræmi við áætlanir. Áætlanir voru unnar út frá hverri viku og því skipulagi sem sett var upp. Helstu tölur má sjá á næstu síðu.

**3 Skráning og gæsla**

Skráning var í samræmi við áætlanir. Skráning í Krakkasveifluna og vinnuskóla fór fram samhliða. Skráning í gæslu milli 8:00 og 9:00 annars vegar og 15:00 - 16:00 hinsvegar þurfti að tilgreina sérstaklega.

**4 Mönnun**

Mönnun var í meginatriðum góð og með þátttöku fjölmargara aðila tókst að ná fram mikilli fjölbreytni. Áskoranir urðu nokkra daga vegna forfalla en tókst að leysa með aðkomu vinnuskóla og tengslafulltrúa.



# Kostnaður og fjármögnun fjármögnun

| Liðir | Upphæð |
|---|---|
| Kostnaður | 3.467.600 |
| Styrkir | 1.800.000 |
| Tekjur | 570.700 |
| Mismunur | 1.096.900 |

Kostnaður vegna Krakkasveiflu 2024 var í samræmi við áætlunar. Styrkir og tekjur stóðu undir meirihluta kostnaðarins.

# Samþætt sumarfrístundastarf

### Hugmyndir frá íþróttafélögum

Farið var yfir hugmyndir íþrótta-félaga um samþætt frístundastarf. Mikill áhugi og gott samstarf. Rætt var um möguleika á fastri dagskrá, styttri námskeiðum og kostnaðinn.

### Samstarf og skipulag

Samstarf við fjölmarga aðila og samtök skiluðu fjölbreyttri og áhugaverðir dagskrá. Börn sem tóku þátt í dagskrá góða mynd af því sem varhöfðu í boði hverja viku og voru skráð samkvæmt því.

### Fjármögnun

Styrkir fengust frá Lýðheilsusjóði og mennta- og barnamála-ráðuneytisi vegna nýsköpunar- og skólaþróunarverkefna á vet-vangi leik-, grunn- og framhalds-skóla og frístundastarfs. Til við-bótar var verkefnið fjármagnað af Húnaþingi vestra.

# Dagskrá og þátttakendur

### Fjölbreytt dagskrá

Dagskráin samanstóð af íþróttum, listum, náttúruupplifun, ferðalögum, hreyfingu, skák, frisbígolfi, kofasmíði, kajak, elda úti og fleiri spennandi viðburði.

### Þátttakendur

Börn í 1. – 7. bekk. 7. bekkur tók þátt í sumarfrístundinni eftir hádegi þær vikur sem vinnuskóli starfar. Einnig var ákveðið að auglýsa sumarfrístund og vinnuskóla samhliða. 62 börn tóku þátt.

### Samstarf aðila

Farsældarteymið hafði samband við fjölmarga aðila í sveitarfélaginu til að fá þátttöku og hugmyndir að dagskrá, svo sem íþróttafélög, skóla, félagsmiðstöð, björgunarsveit og fleiri.

### Samþætting þjónustu

Markmiðið er að samþætta þjónustu og starfsemi ólíkra aðila til að bjóða upp á fjölbreytta og spennandi sumarfrístund fyrir börn í Húnaþingi vestra. Það er mat farsældarteymis að verkefnið hafi tekist vel.



# Framtíðarsýn

**1** **Samþætting**

Áframhaldandi samþætting þjónustu og starfsemi ólíkra aðila í sveitarfélaginu til að bjóða upp á fjölbreytta og spennandi sumarfrístund. Mikil tækifæri í tengslum við samfélagsmiðstöð.

**2** **Þróun**

Mikilvægt er að þróa og viðhalda góðu skipulagi og framkvæmd Krakkasveiflu og annars samþætts sumarfrístundastarfs.

**3** **Fjármögnun**

Tryggja fjármögnun til að halda áfram og efla samþætt sumarfrístundastarf fyrir börn í Húnaþingi vestra.



# Krakkasveiflan 2024 Bæklingur

Hér á eftir kemur bæklingur sem gefinn var út vorið 2024 fyrir skráningu í Krakkasveifluna.



# Krakkasveiflan

## Sumarstarf fyrir börn og ungmenni í Húnaþingi vestra

Street ball

Sund

Garðyrkja

Reykjaskóli

Smiðjur

Hestafimleikar

Kofasmíði

Kajak

Húnaklúbbur

Handbendi

Píla

Krabbaveiði



Hvað langar þig að gera í sumar?

# Krakkasveiflan

## Sumarstarf fyrir börn og ungmenni í Húnaþingi vestra

Skráning hér!

## HVAÐ ER KRAKKASVEIFLAN?

Í vetur hefur Farsældarteymi Húnaþings vestra unnið að nýjum hugmyndum að sumarstarfi fyrir börn og ungmenni í Húnaþingi vestra. Ætlunin er að bjóða upp á metnaðarfullt og fjölbreytt starf fyrir öll börn á aldrinum 6-13 ára (1. - 7. bekkur) þar sem skapandi starf, hreyfing og útivera eru í forgrunni.

Við hlökkum til!

NEMENDUR KOMA MEÐ NESTI

DAGURINN BYRJAR OG ENDAR Í GRUNNSKÓLANUM NEMA Í REYKJASKÓLAVIKUNNI

HAFRAGRAUTUR ALLA MORGNA

50% SYSTKINAAFSLÁTTUR

VIKAN KOSTAR 10.975 KR

# DRÖG AÐ DAGSKRÁ

## 1. tímabil - vikan 10. júní - 14. júní - Reykjaskólavika

Þessa viku þurfa foreldrar að koma með og sækja börn á Reykjaskóla.

| | Mánudagur | Þriðjudagur | Miðvikudagur | Fimmtudagur | Föstudagur |
|---|---|---|---|---|---|
| 8:00 - 9:00 | Móttaka og hafragrautur | Móttaka og hafragrautur | Móttaka og hafragrautur | Móttaka og hafragrautur | Móttaka og hafragrautur |
| 9:00 - 12:00 | Kynning á svæðinu og hópeflisleikir | Grettissaga, Bjarnaborg og Byggðarsafn | Kajak og útileikir | Tónlist og GAGA mót | Fjaran og undirbúningur fyrir sumarhátíð |
| 12:00 - 13:00 | Matur | Matur | Matur | Matur | Matur |
| 13:00 - 15:00 | Kajak | Sund | Listasmiðja | Traust tími | Sumarhátíð |
| 15:00-16:00 | Fjör í Bjarnaborg | Listasmiðja | Frjáls leikur | Frjáls leikur | Sumarhátíð |



Hip Fest
Hvammstangi International Puppetry Festival

Búið til lítið leikhús úr ferðatösku! Þú býrð til handrit og leikhús á fjórum dögum. Inniheldur föndur, skapandi skrif og fullt af skemmtilegum leikjum til að koma okkur í sköpunarstuð. Í lok vikunnar fá krakkarnir að sýna leikhúsið sitt á HIP Fest, hinni einu og sönnu alþjóðlegu brúðulistahátíð Íslands á Hvammstanga!

# DRÖG AÐ DAGSKRÁ

## 2. tímabil - vikan 18. júní - 21. júní - Hipp Festival vika

Nemendur mæta í grunnskólann fyrir klukkan 9 og eru sóttir í grunnskólann milli kl 15 og 16.

| | Mánudagur | Þriðjudagur | Miðvikudagur | Fimmtudagur | Föstudagur |
|---|---|---|---|---|---|
| 8:00 - 9:00 | 17. júní | Móttaka og hafragrautur | Móttaka og hafragrautur | Móttaka og hafragrautur | Móttaka og hafragrautur |
| 9:00 - 12:00 | | Brúðuleikhúsgerð | Brúðuleikhúsgerð | Brúðuleikhúsgerð | Brúðuleikhúsgerð |
| 12:00 - 12:30 | | Nestisstund | Nestisstund | Nestisstund | Nestisstund |
| 12:30 - 15:00 | | Brúðuleikhúsgerð | Brúðuleikhúsgerð | Brúðuleikhúsgerð | Brúðuleikhúsgerð |
| 15:00-16:00 | | Róleg stund með nesti | Róleg stund með nesti | Róleg stund með nesti | Róleg stund með nesti |





# DRÖG AÐ DAGSKRÁ



## 3. tímabil - vikan 24. júní - 28. júní - Kormákur og Húnaklúbbur

Nemendur mæta í grunnskólann fyrir klukkan 9 og eru sóttir í grunnskólann milli kl 15 og 16.

| | Mánudagur | Þriðjudagur | Miðvikudagur | Fimmtudagur | Föstudagur |
|---|---|---|---|---|---|
| 8:00 - 9:00 | Móttaka og hafragrautur | Móttaka og hafragrautur | Móttaka og hafragrautur | Móttaka og hafragrautur | Móttaka og hafragrautur |
| 9:00 - 12:00 | Street ball og smiðjur | Street ball og smiðjur | Street ball og smiðjur | Street ball og smiðjur | Street ball og smiðjur |
| 12:00 - 12:30 | Nestisstund | Nestisstund | Nestisstund | Nestisstund | Nestisstund |
| 12:30 - 15:00 | Garðyrkja og krabbaveiði | Garðyrkja og krabbaveiði | Garðyrkja, kajak og skordýrasöfnun | Garðyrkja, kajak og fuglaskoðun | Garðyrkja, gönguferð, bakað brauð úti. |
| 15:00-16:00 | Róleg stund með nesti | Róleg stund með nesti | Róleg stund með nesti | Róleg stund með nesti | Róleg stund með nesti |



# DRÖG AÐ DAGSKRÁ

## 4. tímabil - vikan 1. júlí - 5. júlí - Sundnámskeið og kofasmíði

Nemendur mæta í grunnskólann fyrir klukkan 9 og eru sóttir í grunnskólann milli kl 15 og 16.

| | Mánudagur | Þriðjudagur | Miðvikudagur | Fimmtudagur | Föstudagur |
|---|---|---|---|---|---|
| 8:00 - 9:00 | Móttaka og hafragrautur | Móttaka og hafragrautur | Móttaka og hafragrautur | Móttaka og hafragrautur | Móttaka og hafragrautur |
| 9:00 - 12:00 | Sund og smiðjur | Sund og smiðjur | Sund og smiðjur | Sund og smiðjur | Sund og smiðjur |
| 12:00 - 12:30 | Nestisstund | Nestisstund | Nestisstund | Nestisstund | Nestisstund |
| 12:30 - 15:00 | Kofasmíði | Kofasmíði | Kofasmíði | Kofasmíði | Kofasmíði |
| 15:00-16:00 | Róleg stund með nesti | Róleg stund með nesti | Róleg stund með nesti | Róleg stund með nesti | Róleg stund með nesti |





# DRÖG AÐ DAGSKRÁ

## 5. tímabil - vikan 8. júlí - 12. júlí - Hestafimleikar og viðbragðsaðilar

Nemendur mæta í grunnskólann fyrir klukkan 9 og eru sóttir í grunnskólann milli kl 15 og 16.

| | Mánudagur | Þriðjudagur | Miðvikudagur | Fimmtudagur | Föstudagur |
|---|---|---|---|---|---|
| 8:00 - 9:00 | Móttaka og hafragrautur | Móttaka og hafragrautur | Móttaka og hafragrautur | Móttaka og hafragrautur | Móttaka og hafragrautur |
| 9:00 - 12:00 | Hestafimleikar í íþróttahúsi | Hestafimleikar í reiðhöll | Hestafimleikar í reiðhöll | Hestafimleikar í íþróttahúsi | Hestafimleikar í reiðhöll |
| 12:00 - 12:30 | Nestisstund | Nestisstund | Nestisstund | Nestisstund | Nestisstund |
| 12:30 - 15:00 | Lögreglan - hjóladagur | Slökkvilið og sjúkrabílar | Björgunarsveit | Selastur og píla | Eldað úti og frisbígolf |
| 15:00-16:00 | Róleg stund með nesti | Róleg stund með nesti | Róleg stund með nesti | Róleg stund með nesti | Róleg stund með nesti |








# DRÖG AÐ DAGSKRÁ

## 6. tímabil - vikan 15. júlí - 16. júlí - Sundferð á Blönduós og lokahátíð

Nemendur mæta í grunnskólann fyrir klukkan 9 og eru sóttir í grunnskólann milli kl 15 og 16.

| | Mánudagur | Þriðjudagur | Miðvikudagur |
|---|---|---|---|
| 8:00 - 9:00 | Móttaka og hafragrautur | Móttaka og hafragrautur | Sumarfrí hefst |
| 9:00 - 12:00 | Sundferð á Blönduós | Andlitsmálun og smiðjur | |
| 12:00 - 12:30 | Nestisstund | Grillaðar pylsur | |
| 12:30 - 15:00 | Dagskrá á Blönduósi | Ratleikur | |
| 15:00-16:00 | Róleg stund með nesti | Róleg stund með nesti | |

# Hvað annað er í boði?



Vinnuskóli Húnaþings vestra stendur til boða fyrir ungmenni fædd 2011 sem lögheimili hafa í Húnaþingi vestra eða eiga foreldri með lögheimili í sveitarfélaginu.

Vinnutími er frá klukkan 8:30-12:00 árdegis.
Laun: 751 kr. á tímann.

Þau hafa kost á að vinna í 4 vikur á 6 vikna tímabili, fyrir hádegi frá 10. júní - 26. júlí.
Sveigjanleikinn í vali á vikum er vegna möguleika árgangs 2012 að taka þátt í Krakkasveiflunni. Þær vikur sem ungmennin eru að vinna geta þau valið að taka þátt í Krakkasveiflunni eftir hádegi og greiða þá fyrir hálfa viku.



Vinnuskóli stendur einnig til boða fyrir 8.-10. bekk eins og verið hefur. Nánari upplýsingar á heimasíðu Húnaþings vestra.

Ungmennafélagið Kormákur heldur úti íþróttaæfingum fyrir börn og ungmenni í Húnaþingi vestra. Tímatafla verður auglýst síðar.
Frjálsar íþróttir fyrir 1.-10. bekk einu sinni í viku.
Fótboltaæfingar fyrir 1.-10. bekk fjórum sinnum í viku.






## Reiðnámskeið

Haldin verða sumarnámskeið í Grafarkoti, sama fyrirkomulag verður eins og undafarin ár. Kennt 4 daga, mánudag-fimmtudag og raðað í hópa eftir getu og kjarki. Námskeiðið kostar 20.000 kr. Hér fyrir neðan eru dagsetningar sem eru í boði Við miðum áfram við grunnskólaaldurinn, hægt er að skrá á síðunni Grafarkotshestar Fanneyjar á Facebook eða senda tölvupóst á fanneyindrida@gmail.com
10 pláss laus á hverju námskeiði.
Námskeið 1 - 10. - 13. júní
Námskeið 2 - 17. - 20. júní
Námskeið 3 - 24. - 27. júní
Námskeið 4 - 15. - 18. júlí




# Annað í undirbúningi



Opnir listadagar þar sem börnum stendur til boða að koma í vinnu í Stúdíó Handbendi og skapa eigin list.  Nánari tímasetning væntanleg síðar.

Eldur í Húnaþingi verður á sínum stað og þar verður boðið upp á smiðjur og námskeið fyrir börn og ungmenni.

Ef þú veist um fleiri tómstundir eða viðburði fyrir börn og ungmenni, láttu okkur þá vita á netfangið gudrunstei@skoli.hunathing.is

